

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá



7. bekkjarnámskrá

skólanámskrá Hvaleyarskóla

II. og III. hluti



Skólaárið 2023-2024

Skólanámskrá Hvaleyrarskóla

Útgefin 2023

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður

Ábyrgð: Kristinn Guðlaugsson skólastjóri

Útgefandi: Hvaleyrarskóli

Akurholti I

220 Hafnarfjörður

netfang: hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is

veffang: <http://www.hvaleyrarskoli.is>

Efnisyfirlit

II. Skólastarf 7. bekkjar.....	5
II.1. Samantekt kennslu í 7. bekk.....	6
II.2. Áherslur grunnþáttu menntunar í 7. bekk.....	7
II.3. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.....	8
II.4. Námsmat og vitnisburðakerfi.....	8
III. Námssvið og námsgreinar	9
1. Íslenska	10
a. Viðmið um námshæfni í íslensku	10
I.1. Talað mál, hlustun og áhorf	11
I.2. Lestur og bókmenntir	12
I.3. Ritun	13
I.4. Málfræði	13
2. Erlend tungumál	15
2.1. Ensku	20
2.2. Danska og önnur Norðurlandamál.....	21
3. List- og verkgreinar	23
Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum.....	23
A. Listgreinar:.....	25
3.1. Sviðslistir – dans og leiklist	25
3.2. Sjónlistir - myndmennt	26
3.3. Tónmennt	27
B. Verkgreinar:.....	28
3.4. Heimilisfræði	28
3.5. Hönnun og smíði	29
3.6. Textílmennt	30
4 Náttúrugreinar.....	31
a. Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum.....	31
4.0 Náttúrufræði	33
5. Samfélagsgreinar	34
a. Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum	34
5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði	35
5.2. Jafnrétti og lífsleikni	36
5.3. Landafræði, saga, og sam-/þjóðfélagsfræði	37



6. Skólaíþróttir	38
Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum.....	38
6.1. Íþróttir	40
6.2. Sund.....	42
7. Stærðfræði.....	44
a. Viðmið um námshæfni í stærðfræði	44
8. Upplýsinga- og tæknimennt.....	47
a. Viðmið um námshæfni	47
8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	48





II. Skólastarf 7. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélagini megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna á grundvelli uppeldisréttar síns. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
4. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs





II.I. Samantekt kennslu í 7. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	7,0 1,5 2,0 1,5 2,0
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2 Danska og önnur Norðurlandamál	5,0 3,0 2,0
3. List- og verkgreinar	A Listgreinar: 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt B Verkgreinar: 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	3,0 1,0 1,0 1,0 3,0 1,0 1,0 1,0
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði	3,0
5. Samfélagsgreinar	5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 5.2. Jafnrétti og lífsleikni 5.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	5,0 1,0 1,0 3,0
6. Skólaíþróttir	6.1. Íþróttir 6.2. Sund	3,0 2,0 1,0
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði	5,0
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	1,0 0,0 1,0
Alls		35





II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 7. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar eru settar fram í markmiðum

Grunnþættir	Efnispættir
LÆSI	<ul style="list-style-type: none"> • að nemendur verði færir um að leita sér upplýsinga með ýmsum miðlum á gagnrýninn hátt • að nemendur þjálfist í grunnþáttum læsis, s.s. miðlalæsi, talnalæsi myndlæsi, tilfinningalæsi, samskiptalæsi, stafrænu læsi o.fl. • að nemendur séu færir um að lesa sér til gagns og gleði
SJÁLFBÆRNÍ	<ul style="list-style-type: none"> • að nemendur temji sér gildi þess að endurnýtingar og endurvinnslu • að nemendur öðlist skilning á hugtökum og táknum sem lúta að sjálfbærri þróun og umhverfisvernd • að nemendur taki þátt um umræðum um gildismat og gildi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni • að nemendur ræði áhrif sín á umhverfið
MANNRÉTTINDI OG LÝÐRÆÐI	<ul style="list-style-type: none"> • að nemendur læri að setja sig í spor annarra • að vinna markvisst að lýðræðislegri kennslu í skólastarfi s.s. hópvinnu bekkjarfundum, samvinnunámi, reynslunámi, þátttökunámi og samfélagssverkefnum • að geta skilið heiminn í kringum sig, verið meðvituð um eigin stöðu og annarra og viðurkenningu á hæfileikum og þroskamöguleikum • bera virðingu fyrir lífinu • að nemendur læri um margbreytileika mannfólks og öðlist skilning á mannréttindum
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	<ul style="list-style-type: none"> • að nemendur temji sér hollan og heilbrigðan lífsstíl • að nemendur öðlist skilning á þeim þáttum sem hafa áhrif á líkams- og geðheilbrigði • að nemendur taki virkan þátt í heilsueflandi verkefnum, t.d. lífshlaupinu, göngum í skólann, norræna skólahlaupinu, ávaxta- og grænmetisátaki o.fl.
JAFNRÉTTI	<ul style="list-style-type: none"> • að nemendur kynnist fjölbreytileika mannkynsins og öðlist víðsýni • að nemendur öðlist skilning á stöðu kynjanna • að nemendur finni áhugasviði sínu farveg í skólastarfinu • að nemendur fái tækifæri til að ræða málefni sem snerta þá á jafningjagrundvelli, m.a. á bekkjarfundum
SKÖPUN	<ul style="list-style-type: none"> • að stuðla að frumkvæði einstaklingsins • að nemandi leggi mat á eigið nám og nám jafningja • að stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi • að nemandi fáist við viðfangsefni sem eru öðruvísi en nemandi hafur gert áður eða kann • að nemendur uppgötvi, njóti, örvi forvitni og áhuga, leiti lausna, virki ímyndunarafl og leiki sér með möguleika • að nemandi kynnist og þjálfist í ýmis konar hæfni, s.s. verklegri, bóklegri og líkamlegri hæfni





Grunnþættir	Efnisþættir
	<ul style="list-style-type: none"> • að nemendur fái tækifæri til að sýna styrkleika sýna og sköpunarkraft, m.a. á samverum • að nota leik sem námsaðferð og opna víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna fái að njóta sín • að efla sjálfstæði nemenda

II.3. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Kynningarfundir

Í upphafi skólaárs, oftast um miðjan september, halda umsjónarkennrarar árganga kynningarfundi fyrir foreldra. Þar fer fram kynning á námsefni og helstu áherslum vetrarins auk þess sem upplýsingum um agakerfi, reglur og viðurlög, upplýsingaflæði milli heimilis og skóla og helstu stefnumál skólans er komið á framfæri. Dagskrá kynningarfundarins er send fyrirfram til deildarstjóra.

Oft eru einnig haldin fræðsluerindi. Skólinn hefur undanfarin ár boðið foreldrum upp á kvöldverð á námskeiðinu og endað hefur verið á léttum ratleik um skólann undir stjórn íþróttakennara. Við lok námskeiðs fá foreldrar viðurkenningarskjál um þátttöku.

Foreldrafélag – bekkjarfulltrúar

Í skólanum er starfandi foreldrafélag. Skipurit og upplýsingar um starfsemi má finna á heimasíðu skólans. Umsjónarkennrarar hafa milligöngu um að foreldrar tveggja barna bjóði sig fram eða séu kosnir ár hvert sem bekkjarfulltrúar í umsjónarbekk þeirra. Starf bekkjarfulltrúa er í aðalatriðum það að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan bekkjarins en einnig að vera tengiliður umsjónarkennarans við foreldra. (Sjá nánar í erindisbréfi bekkjarfulltrúa undir liðnum foreldrafélag á heimasíðu skólans).

II.4. Námsmat og vitnisburðakerfi.

Námsmat í bekknum greinist í tvennt, leiðsagnarmat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum).

Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfust til að ná betri árangri.

A.m.k. tvívar á ári er farið yfir stöðu nemenda á fundi með nemenda foreldra og umsjónarkennara.

b. Lokamat:

Lokamat hefur þann megin tilgang að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námstíma skólaárs. Matsaðferðir við lokamat ákvarðast af markmiðunum en matið er oftast byggt á skriflegum prófum eða fjölbreyttum lokaverkefnum nemenda. Með lokamati er lögð áhersla á að meta þekkingu og skilning nemenda á námsefninu, hvernig þeim tekst að beita þekkingu sinni og hvernig þeir greina og nota mismunandi aðferðir við ákveðin viðfangsefni.

Lokamat sýnir hversu vel nemendum gengur miðað við hæfniviðmið/námsmarkmið árgangsins.





III. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskráinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.





I. Íslenska

Námshæfni – viðmið og mat

Unnið er eftir hæfniviðmiðum í íslensku samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2013 þar sem byggð er á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra þætti: **1) talað mál, hlustun og áhorf 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun og 4) málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þáttta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þáttta og eðlilegan stíganda í náminu.

a. Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í íslensku
<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i>	
<i>Talað mál, hlustun og áhorf:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • komið fram í ræðupúlti • tjáð sig skýrt og áheyrliga og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar, og beiti blæbrigðum í frásögn • tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar • hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum • átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi • nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnnin hátt
<i>Lestur og bókmenntir:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • lesið texta við hafi með góðum hraða og af skilningi • notað þekkingu og reynslu ásamt góðum orðaforða við lestur og skilning á texta • greint og fjallað um aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á honum • lesið fjölbreyttar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglungum • beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap • aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna • borið kennsl á mismunandi gerðir ljóða • valið sér fjölbreytt lesefni við hafi til gagns og ánægju
<i>Ritun:</i>	<ul style="list-style-type: none"> • skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur • valið textategund, skipulagt (m.a. með upphafi, miðju og endi) og orðað texta svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni • samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa • beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar • lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun • skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu • skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu



**Málfræði:**

- gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hafi skilning á gildi þess að bæta það
- tileinkað sér góðan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun
- nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnagrunnum um mál, svo sem spjaldtölvum
- áttað sig á hvernig orð skiptast í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra
- notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu
- beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins
- gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu
- nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta

I.I. Talað mál, hlustun og áhorf

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Unnið er eftir hæfniviðmiðum í íslensku samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2013 þar sem byggt er á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra þætti: **1) talað mál, hlustun og áhorf 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun og 4) málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilegan stíganda í náminu.

Tímafjöldi: I kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru að nemandi:

- æfist í að koma fram ræðupúlti
- læri að tjá sig skýrt og áheyrlíega
- geti endursagt það sem þeir hafa lesið eða heyrt og tjáð eigin skoðanir
- læri að segja skipulega frá

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Séralin ljóð og lestextar
- Miðbjörg – móðurmálsvefur fyrir miðstig
- Ritanir eftir nemendur
- Markviss málörvun II
- Ljóðabækur
- Ýmislegt efni frá kennara

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum er gengið út frá einstaklingsmiðuðu námi

- Ætlast er til að allir nemendur taki virkan þátt í kennslustundum. Ef víkja þarf frá hæfniskröfum er það gert í samráði við sérkennara, umsjónarkennara, deildarstjóra og foreldra

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

- Leiðsagnarmat yfir önnina í formi umsagna frá kennara og nemendum
- Virkni í kennslustundum og hlustun





- þátttaka í umræðum metin
- Lokapróf

I.2. Lestur og bókmenntir

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Unnið er eftir hæfniviðmiðum í íslensku samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2013 þar sem byggð er á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra þætti: **1) talað mál, hlustun og áhorf 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun og 4) málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þáttta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þáttta og eðlilegan stíganda í náminu. Tímafjöldi: 2 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

- Markviss þjálfun í lestri og lesskilningi
- Nemendur lesa og ræða fjölbreytta bókmenntatexta og ljóð
- Nemendur lesa texta að eigin vali

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Æsir á fljúgandi ferð
- Kjörbók frá kennara
- Egla
- Ítarefni frá kennara
- Smellur 2 og 3

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum er gengið út frá einstaklingsmiðuðu námi

- Nám í bókmenntum fer einkum fram í skólanum. Kennari og nemendur lesa saman smásögur og vinna ýmis konar verkefni í tengslum við efnið. Einnig lesa nemendur sögur í heimanámi og gera verkefni
- Lestrarkennsla fer bæði fram í skóla og heima. Lestur er fastur hluti heimanáms og er ætlast til að nemendur lesi flesta daga vikunnar. Nemendum gefst einnig tækifæri til að lesa í skólanum. Nemendur æfa sig einnig með að lesa fyrir hvern annan, skiptast á að þjálfa hvern annan í lestri og ræða lesefni sín á milli

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Lestrarnám er með þeim hætti að nemendur æfa sig á eigin forsendum. Í ákveðnum tilfellum er gerð einstaklingsnámskrá fyrir nemendur í lestri og sett upp lestrarátok fyrir þá. Slíkt er jafnan gert í samráði við umsjónarkennara, sérkennara og foreldra
- Ef víkja þarf frá hæfniskröfum í bókmenntum er það gert í samráði við sérkennara, umsjónarkennara, deildarstjóra og foreldra

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Raddlestrarpróf a.m.k. þrisvar á ári – lesferill frá Menntamálastofnun
- Tvö lesskilningspróf (Orðarún) tekin á árinu og gefin umsögn í lesskilningi
- Leiðsagnarmat í bókmenntum í formi hlutaprófa og verkefnavinnu nemenda

Ef víkja þarf frá hæfniskröfum árgangsins er það gert í samráði við sérkennara, deildarstjóra og foreldra eftir því sem við á.





I.3. Ritun

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Unnið er eftir hæfniviðmiðum í íslensku samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2013 þar sem byggt er á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra þætti: **1) talað mál, hlustun og áhorf 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun og 4) málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilegan stíganda í náminu.

Tímafjöldi: I kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

i. Viðfangsefni í náminu

- Farið er í ýmis hagnýt atriði varðandi ritun (s.s. málsgreinar, efnisgreinar, lipurð texta og byggingu)
- Nemendur skrifa ýmiss konar ritunarverkefni, ýmist handskrifuð eða í tölvu
- Nemendur þjálfa sig í ritun með skrifferum

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Mál er miðill – grunnbók og verkefnabók
- Ýmsar stafsetningaræfingar

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Stafsetningartímar felast einkum í að nemendur vinna ýmiss konar stafsetningaræfingar og farið er yfir grunnreglur. Einnig er lögð áhersla á sjónminni og gerðar eru æfingar sem þjálfa það (m.a. sóknarskrift). Lögð er áhersla á að nemendur fari reglulega sjálfir yfir eigin texta, leiðrétti og leggi mat á eigið nám
- Nemendur æfa eigin rithönd með það að markmiði að geta skrifað af öryggi með persónulegri rithönd. Ritun er snar þáttur í öllum námsgreinum og eru nemendur því reglulega að æfa sig í að skrifa læsilega og af öryggi. Kennari veitir nemendum reglulega endurgjöf og leiðsögn
- Nemendur æfa sig í grunnatriðum ritunar, ýmist í kennslustundum eða heima. Nemendur vinna fjölbreytt ritunar- og ljóðaverkefni sem safnað er saman í ritunarbók

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

- Stafsetning: Nemendur taka lokapróf í stafsetningu á vorönn. Yfir önnina er markvisst leiðsagnarmat í formi kannana, umsagna frá kennara og sjálfsmats nemanda
- Ritun: Símat þar sem lögð er áhersla á markvisst leiðsagnarmat yfir árið í formi umsagna kennara, jafningjamats og sjálfsmats nemanda. Gefin er einkunn fyrir valin ritunarverkefni
- Námsmat er aðlagð að þörfum og getu nemenda í samráði við umsjónarkennara, sérkennara, deildarstjóra og foreldra eftir því sem við á. Í þeim tilfellum er gerð einstaklingsáætlun í samráði við foreldra

I.4. Málfræði

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Unnið er eftir hæfniviðmiðum í íslensku samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2013 þar sem byggt er á heildstæðri móðurmálskennslu. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra þætti: **1) talað mál, hlustun og áhorf 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun og 4) málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilegan stíganda í náminu.

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.





i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru að nemandi:

- *geti notað ríkulegan orðaforða í ræðu og ritu*
- *geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun í tali og í ritun*
- *þekki helstu orðflokka eins og sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og geti greint hlutverk þeirra og einkenni*
- *geti notað orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli*

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Málið í mark – Fallorð*
- *Málrækt 3*
- *Orðspor 3*
- *Annað efni frá kennara*

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Nemendur vinna ýmis konar málfræðiverkefni í kennslustundum og heimanámi*
- *Einstaklingsmiðað nám. Leitast er við að aðlagu námsefnið að þörfum nemenda*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Námsmat er aðlagð að þörfum og getu nemenda í samráði við umsjónarkennara, sérkennara, deildarstjóra og foreldra eftir því sem við á. Í þeim tilfellum er gerð einstaklingsáætlun í samráði við foreldra*

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- *Kaflapróf, þar sem nemendur eru prófaðir í málfræðiatriðum. Önnur hæfniviðmið eru metin í gegnum ritanir nemenda (sjá lið I.3 í námskrá)*
- *Verkefnavinna*
- *Leiðsagnarmat í formi umsagna kennara, styttri kannana og sjálfsmats nemanda*





2. Erlend tungumál

Hlustun: I. stig

Hæfniviðmið: Geti skilið einfalt talað mál, algeng orð og einfaldar setningar um efni er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt og áheyrilega.

Lýsandi viðmið:

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, myndmiðlum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni

Lesskilningur: I. stig

Hæfniviðmið: Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.

Lýsandi viðmið:

- Geti lesið kunnugleg nöfn, orð og mjög einfaldar setningar
- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni

Samskipti: I. stig

Hæfniviðmið: Geti haldið uppi einföldum samræðum um kunnugleg málefni með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum.

Lýsandi viðmið:

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar

Frásögn: I. stig

Hæfniviðmið: Geti í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum.

Lýsandi viðmið:

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri tilað æfa

Ritun: I. stig

Hæfniviðmið: Skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki.

Lýsandi viðmið:





- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi
- Samið stutt skilaboð eða texta frá eigin brjósti með stuðningi
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst

Menningarlæsi: 1. stig

Hæfniviðmið: Geti sýnt fram á skilning á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu.

Lýsandi viðmið:

- Sýnt fram á að hann þekki nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins t.d. staðháttar og þekktra staða. Þekkja til þáttar sem einkenna barna- og ungingamenningu viðkomandi málsvæðis
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir

Námshæfni: 1. stig

Hæfniviðmið: Geti sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf.

Lýsandi viðmið:

- Geti beitt sjálfsmati með stuðningi kennara
- Geti tengt ný viðfangsefni eigin reynslu sína og þekkingu
- Geti tekið þátt í hóp- og paravinnu
- Geti nýtt sér hjálpartæki

Hlustun: 2. stig

Hæfniviðmið: Geti skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega.

Lýsandi viðmið:

- Geti tileinkað sér aðalatriði venjulegs talmáls um efni tengt daglegu lífi
- Geti fylgt þræði í aðgengilegu fjölmíðlaefni og dægurmenningu sem höfðar til hans
- Geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, t.d. tilkynningum og leiðbeiningum og brugðist við

Lesskilningur: 2. stig

Hæfniviðmið: Geti lesið sér til gagns og ánægju auðlesinn texta um daglegt líf og áhugamál.

Lýsandi viðmið:

- Geti skilið megininntak aðgengilegra frásagna og nýtt sér til frekari vinnu
- Lesið sér til gagns og ánægju auðlesinn texta
- Geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu

Samskipti: 2. stig

Hæfniviðmið: Sýnt fram á að nemandinn er nokkuð vel samræðuhæfur um málefni sem hann þekkir vel. Geti beitt nokkuð réttu máli og framburði. Skilji og noti algengustu orðasambond úr daglegu máli og geti beitt viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum. Geti gert sig skiljanlegan með látbragði.





Lýsandi viðmið:

- Geti bjargað sér við almennar aðstæður t.d. í verslunum, á veitingastöðum og ferðalögum
- Notað málið í kennslustundum. Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál slín og daglegt líf

Frásögn: 2. stig

Hæfniviðmið: Geti tjáð sig nokkuð áheyrilega um málefni sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærrí. Geti beitt tungumálinu á nokkuð skiljanlegan hátt hvað varðar reglur um málnotkun, framburð og orðaval.

Lýsandi viðmið:

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra

Ritun: 2. stig

Hæfniviðmið: Geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir. Geti beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á góð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með. Geti skapað samhengi í texta og notað til þess tengiorð og greinarmerki.

Lýsandi viðmið:

- Geti nýtt sér þann orðaforða sem unnið hefur verið með
- Geti skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi og samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín
- Geti hagað máli sínu í samræmi við efnisinnak og viðtakanda
- Geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu

Menningarlæsi: 2. stig

Hæfniviðmið: Get sýnt fram á að hann þekkir til ákveðinna lykileinkenna um mannlíf og menningu á viðkomandi málsvæði. Geri sér grein fyrir hvað er líkt og ólíkt hans eigin aðstæðum og geti sett sig í spor jafnaldra.

Lýsandi viðmið:

- Þekki til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og geti borið saman við eigin menningu
- Geti áttað sig á skyldleika erlenda málsins við móðurmálið

Námshæfni: 2. stig

Hæfniviðmið: Geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bætta þar sem þess gerist þörf.

Lýsandi viðmið:

- Geti beitt helstu námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu
- Geti tekið þátt í samvinnu um ýmis viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi
- Geti nýt sér algengustu hjálpartæki
- Geti beytt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorða ef hann vantar orð





Hlustun: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg.

Lýsandi viðmið:

- Geti tileinkað sér aðalatriði venjulegs talmáls, ásamt efni í fjöl- og myndmiðlum sem eru innan áhuga, náms og þekkingarsviðs, brugðist við, sagt frá, unnið úr eða nyt sér á annan hátt
- Geti hlustað eftir nákvæmum upplýsingum. Geti valið úr þvær upplýsingar sem við á og unnið úr þeim

Lesskilningur: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölbættum orðaforða.

Lýsandi viðmið:

- Aflað sér upplýsinga úr ólíkum textum. Greint aðalatriði frá aukaatriðum og nyt sér til frekari vinnu
- Lesið sér til fróðleiks, raunexta t.d. úr dagblöðum og brugðist við efni þeirra
- Lesið sér til gagns og gamans smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólk

Samskipti: 3. stig

Hæfniviðmið: Sýnt fram á að nemandinn er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, notar algeng föst orðasambond rú daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum og óglíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða.

Lýsandi viðmið:

- Tekist á við mismundandi aðstæður í almennum samskiptum og fært rök fyrir máli sínu.
- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn, um efni sem hann er vel heima í
- Tekist á við margskonar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. sem gestgjafi eða netsamskiptum
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda

Frásögn: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti tjáð sig áheyrilega um málefni sem nemandinn þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð og orðaval.

Lýsandi viðmið:

- Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu. Sagt skoðun sína á því og búist við spurningum
- Samið, æft og flutt frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra

Ritun: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti skrifað lipran, samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu og/eða áhuga á. Sýnt fram á góð tök á orðaforða og megin reglum málnotkunar og uppbyggingu texta.



Lýsandi viðmið:



- Geti skrifað og brugðist við ýmsum textagerðum, bæði formlegum og óformlegum
- Geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu
- Geti leikið sér með málíð og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín
- Geti fylgt reglum um málnotkun og hefðir varðandi uppbyggingu á texta
- Geta nýtt sér þann orðaforða sem við á og notað tengiorð við hæfi

Menningarlæsi: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti sýnt fram á að hann þekkir til og geti aflað sér upplýsinga um mannlíf og menningu á viðkomandi málsvæði. Geri sér grein fyrir hvað er líkt og ólíkt hans eigin aðstæðum.

Lýsandi viðmið:

- Þekki til þjóðfélagseinkenna og aflað sér upplýsinga um hvað er efst á baugi hverju sinni
- Átti sig á fjölbreytileika samfélagsins hvað varðar uppruna og áhrif fordóma
- Geti greint helstu afbrigði tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, breska, skoska, ameríkska, ástralska

Námshæfni: 3. stig

Hæfniviðmið: Geti sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu.

Lýsandi viðmið:

- Geti beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati og veitt sanngjarna endurgjöf
- Geti unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn
- Geti nýtt sér öll helsu hjálpartæki





2.I. Enska

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Fortune-telling
- Lifestyle
- Crimes and mysteries
- Communication
- All kinds of fame
- Travel and culture

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Action lesbók
- Action vinnubók
- Ítarefni frá kennara

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Nemendur læra ensku með því að prófa sig áfram og það gera þeir með því að hlusta á málið, tala það, lesa og skrifa. Unnið verður með alla færniþættina og markvisst verið að byggja upp orðaforða.

- **Hlustun** – þar sem hlustunaræfingar fylgja hverju viðfangsefni fyrir sig
- **Tal og frásögn** – þar sem nemendur eru hvattir til að tala í leik og seinna meir segja svölitið frá sjálfum sér og fjölskyldu sinni
- **Lestur og lesskilningur** – þar sem unnin verða verkefni í verkefnabók sem byggjast á lestri og lesskilningi
- **Ritun** – þar sem nemendur skrifa stuttan texta þar sem notuð eru algengustu orðin sem farið hefur verið í
- **Menningarlæsi** – nemendur fá innsýn í menningu, siði og venjur enskumælandi þjóða

Kennslan:

Í meginatriðum er gengið út frá einstaklingsmiðuðu námi:

- Einstaklingsmiðað nám. Leitast er við að aðlagu námsefnið að þörfum nemenda og áhuga þeirra, sérstaklega hvað varðar ritun, frásögn og samskipti
- Hópkennsla: Lestur texta, hlustun á sögur og hlustunaræfingar
- Málfræði
- Orðaforðaverkefni

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

- Leiðsagnarmat, þar sem tekið er mið af hæfniviðmiðum
- Kaflakannanir; Skriflegar kannanir þar sem tekið er á hlustun, lesskilningi, orðaforða og ritun
- Talað mál
- Virkni í kennslustundum
- Sjálfsmat
- Lokaeinkunn er gefin að vori





2.2. Danska og önnur Norðurlandamál

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir heilt skólaár

i. Viðfangsefni í náminu

- Kroppen:
 - Tøj og farver
 - Dage og taller 1-20
 - Familien:
 - årstiderne
 - hjemmet
- Dyrenes verden.
- Tallene 1 – 100
- Mad
- Skole
- Byen
- Følelser
- Fritidsinteresser

ii. Námsgögn og kennsluefni

- Start – les- og vinnubók með hljóðdiski
- Smart – les- og vinnubók með hljóðdiski
- Begynd uden bog – leikir
- Ýmislegt ítarefni
- Kvikmyndir/bættir með dönsku tali og texta

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Unnið verður með alla færniþættina og markvisst verið að byggja upp orðaforða.

- **Hlustun** – þar sem hlustunaræfingar fylgja hverju viðfangsefni fyrir sig
- **Tal og frásögn** – þar sem nemendur æfa talmál í leik og nýta það svo til að segja frá t.d. sjálfum sér, últiti, fjölskyldu, gæludýrum o.fl.
- **Lestur og lesskilningur** – unnin verða verkefni í verkefnabók sem byggja á lestri og lesskilningi
- **Ritun** – nemendur skrifa stuttan texta til að festa nýjan orðaforða frekar í minni
- **Menningarlæsi** – nemendur kynnast ýmsu er snýr að daglegu lífi Dana s.s. matur og matarmenning, áhugamálum o.fl. og geri sér grein fyrir hvað er líkt og hvað er ólíkt því sem tíðkast hjá þeim sjálfum
- **Námshæfni** – Nemendur eru hvattir til að setja sér markmið í náminu og meta eigin námsframvindu með aðstoð kennara

Kennsla fer fram á eftirfarandi hátt:

- Hópkennsla
- Einstaklingskennsla þar sem námsefnið er aðlagð að þörfum nemenda þar sem þörf er á
- Samlestur
- Farið í leiki og talmálið æft





- Horft og hlustað á námsefnið t.d. hlustunaræfingar og kvíkmyndir
- Orðaforði efldur með endurtekningum á sem fjölbreyttastan máta

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

- Leiðsagnarmat – þar sem tekið er mið af hæfniviðmiðum og lýsandi viðmiðum nemenda
- Kaflakannanir – skriflegar kannanir, þar sem tekið er á hlustun, lestri, lesskilningi, orðaforða og ritun
- Jafningjamat – þar sem bekjkarfélagar meta afrakstur hjá hver öðrum
- Sjálfsmat
- Talað mál
- Virkni í kennslustundum





3. List- og verkgreinar

Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum
	Við lok árgangs geti nemandi:
<i>Menningarlæsi: (sameiginleg hæfniviðmið fyrir verk- og listgreinar)</i>	<ul style="list-style-type: none"> útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. nýtt sér leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast fram að þessu. tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði. haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni. beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir. gert sér grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina. þekki helstu hugtök sem tengjast viðfangsefni hans. sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.
<i>Sviðslistir –dans og leiklist:</i>	<ul style="list-style-type: none"> beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju. dansað grunnspor í paradönum og einföldum þjóðönsum. geti sett saman einfalt dansverk, sýnt það og valið undir leiðsögn kennara umgerð (t.d. tónlist og rými) við hæfi. tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisisvenjum í dansi. unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum. bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegi gagnrýni og nýtt sér hana í dansi. rætt um dans út frá persónulegri upplifun.
<i>Myndmennt:</i>	<ul style="list-style-type: none"> notað verkfæri á skipulagðan hátt. nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu. beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. gert grein fyrir og fjallað um verk impressionista.
<i>Tónmennt:</i>	<ul style="list-style-type: none"> greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun. beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra. notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð-eða tónverk. tekið þátt í samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það. greint ólíkar stílegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana. greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstíbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr. greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarwerk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.
<i>Heimilisfræði:</i>	<ul style="list-style-type: none"> tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar. tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar. farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi. gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald.




Efnispættir: Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Við lok árgangs geti nemandi:

- matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.
- unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.
- greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.
- skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.
- tjáð sig um ólíka siði, venjur og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.

Hönnun og smíði

- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
- útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
- hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum.
- lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.
- gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra.
- útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlifðarbúnað.

Textílmennt:

- beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.
- þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.
- sniðið og saumað einfalda flík.
- unnið sjálfstætt í saumavél.
- notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.
- nýtt sér mismunandi miðla í hugmyndavinnu.





A. Listgreinar:

3.1. Sviðslistir – dans og leiklist

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Námsgrein er útfærð hér í samræmi við áherslur innan skóla og kynnt nánar síðar í kennsluáætlunum.

Tímafjöldi: I kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Cha cha cha + new yorker + spot turn + 3 cha cha*
- *Jive + chasse walk + du + am. spin*
- *Mayfair polki*
- *Rock and roll*
- *Sænska tjútt*
- *Semja lítil dansverk sjálf*
- *Ýmsir leiktjáningardansar, tísku-, línu og diskódansar í vali hvers kennara*

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan fram í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- *Í kennslustofu án húsgagna þar sem einungis eru hljómlutningstæki, borð, tölva, myndvarpi og tafla.*
- *Sýnikennsla*
- *Sköpun*
- *Paravinna*
- *Einstaklingsvinna*
- *Hóþavinna*

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- *Allir nemendur sem hafa getu til að stunda námið*
- *Í einstaka tilfellum eru nemendur með stuðning með sér*
- *Önnur námsúrræði eru fyrir þá sem t.d. þola illa hávaða og eiga að einhverjum öðrum orsökum erfitt með að stunda námið*

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- *Leiðsagnarmat þar sem metin er virkni, leikni, samvinna, kurteisi og framkoma*

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Tónlist, veraldarvefurinn og ýmsar bækur tengdar danslistinni*





3.2. Sjónlistir - myndmennt

Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar

Myndmenntakennslan byggist á stuttum innlögnum og síðan vinna nemendur í litlum hópum að einstaklings- eða hópverkefnum með aðstoð kennara. Í 7. bekk er áhersla lögð á fjarvíddarnám og impressionisma í listasögunni.

Tímafjöldi : 4 kennslustundir á viku í u.þ.b. 7 vikur.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- *Mappa skreytt með fjarvíddarstöfum*
- *Götumynd með eins punkta fjarvídd*
- *þrííddarverk – móton í leir*
- *Listasaga, impressionismi*
- *Samvinnuverkefni - hönnun*

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Myndmennt II*
- *Listasaga frá hellalist til 1900*
- *Efni frá kennara*

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

